



Til skipulags- og umhverfisráðs,

Kópavogi, 16. október 2025
25101529/005.05 GEF

Efni: Smáratorg 3, skrautlýsing. Svar umhverfissviðs við fyrirspurn bæjarfulltrúa.

Með erindi, dags. 15. október 2025, óskaði Hákon Gunnarsson, fulltrúi í skipulags- og umhverfisráði eftir svari við spurningum er varðar skrautlýsingu á Turninum að Smáratorgi 3.

Á fundi skipulagsráði 3. júní 2024 var samþykkt á að veita tímabundið leyfi fyrir skrautlýsingu í samræmi við dæmi og skýringarmyndir sem lágu fyrir við afgreiðslu skipulagsráðs. Í framlögðu minnisblaði frá Liska, dags. 24. apríl 2024, er umræddri skrautlýsingu lýst sem áherslulýsingu á kennileiti í borgarumhverfi. Lýsingunni er ekki ætlað að valda ónæði í nærumhverfinu og var við samþykki leyfisins það sett sem skilyrði að ljósmagn yrði stillt með hliðsjón af þeirri kröfu.

Samkvæmt upplýsingum frá eiganda Turnsins hefur samþykkt skrautlýsing ekki enn þá verið sett af stað. Verið er að klára uppsetningu ljósanna og verklok áætluð á næstu dögum. Við uppsetningu ljósanna hafa átt sér stað prufukeyrslur á ljósunum, eru þær framkvæmdar til að kanna hvort að skemmdir hafa orðið á búnaðinum við uppsetningu. Hafa kvartanir íbúa borist vegna umræddra prófana á ljósunum. Virkt samtal hefur verið á milli Kópavogsbæjar og eiganda Turnsins. Eftir að kvartanir byrjuðu að berast var gerð sú krafa að slökkt yrði á ljósunum og engar prófanir framkvæmdar að kvöldi til.

Tekið skal fram að öllum athugasemdum og kvörtunum sem hafa borist til Kópavogsbæjar hefur verið svarað. Þá hefur verið haft samband við eigendur Turnsins og óskað eftir frekari upplýsingum um stöðuna. Hefur Kópavogsbær fengið þær upplýsingar að prófunum sé að ljúka og skrautlýsingin taki við í framhaldinu. Kópavogsbær mun fylgjast grannt með að skrautlýsingin uppfylli þau skilyrði sem sett voru við samþykkt leyfisins og er bent á að leyfið verður afturkallað ef greind skilyrði eru ekki uppfyllt.

Eftirfarandi eru svör við framkomnum spurningum:

1. Er framkvæmd af þessu tagi háð leyfi frá Kópavogsbæ?
 - a. Erindið var samþykkt af hálfu skipulagsráðs á fundi ráðsins 3. júní 2024. Hins vegar er ekki um að ræða framkvæmd sem er háð málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Með meðferð skipulagsráðs var verið að tryggja að sýnt væri fram á að lýsingin myndi ekki hafa í för með sér veruleg grenndaráhrif.
2. Var sótt um leyfi fyrir þessari framkvæmd?
 - a. Sjá svar við spurningu 1.
3. Ef svo er, hvernig var hún afgreidd?
 - a. Sjá svar við spurningu 1.
4. Var farið í grenndarkynningu fyrir íbúa á væntanlegri uppsetningu ljósabúnaðarins?
 - a. Leyfi umræddrar skrautlýsingar var tímabundið og samþykkt til reynslu. Við samþykkt skipulagsráðs var skýrt að leyfið væri samþykkt á grundvelli framlagðra gagna. Um er að ræða uppsetningu á ledljósaborðum. Var



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

uppsetning ljósabúnaðarins ekki talin fela í sér breytingu á deiliskipulagi eða hefði í för með sér slík grenndaráhrif að ástæða væri til að grenndarkynna erindið. Þá er uppsetning búnaðarins ekki háð byggingarleyfi og fellur heldur ekki undir framkvæmd sem er tilkynningarskyld, sbr. gr. 2.3.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Meðfylgjandi eru gögn málsins.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

